

REGLUR

um kærungálgögn í einkamálu.

1. gr.

Nú sendir sóknaraðili gögn kærungáls (kærungálgögn) til Hæstaréttar samkvæmt 3. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og skulu þá gögnin vera í þeim búningi sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Kærungálgögn skulu vera í fjórum eintökum.

2. gr.

Sóknaraðili ber ábyrgð á að kærungálgögn séu í þeim búningi sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Hann skal, sé þess kostur, hafa samráð við varnaraðila um hvaða skjöl málsins skuli vera meðal kærungálgagna.

Þegar málsaðilar senda Hæstarétti gögn samkvæmt reglum þessum skulu þau samtímis send gagnaðila.

3. gr.

Sóknaraðili skal gæta þess að meðal kærungálgagna séu einungis þau skjöl sem sérstaklega er þörf á til úrlausnar þeim ágreiningi sem kærungálið varðar.

4. gr.

Fremst í kærungálgögnum skal vera efnisyfirlit. Þar skal eftirfarandi koma fram og í þeirri röð, sem að neðan greinir:

1. Listi um kærungálgögn.
2. Listi um öll framlögð skjöl málsins í héraði.
3. Yfirlit um þinghöld í málinu í héraði.
4. Stutt hlutlæg greining á ágreiningsefnum kærungálsins og efni héraðsdómsmálsins.

5. gr.

Kærungálgögn skulu vera sem hér greinir:

1. Hinn kærði úrskurður.
2. Endurrit þinghalda málsins í héraði.
3. Kæra og greinargerð sóknaraðila.
4. Stefna til héraðsdóms eða annað sóknarskjal ef við á og greinargerð stefnda í héraði.
5. Önnur skjöl, sem nauðsynleg eru til þess að leyst verði úr þeim ágreiningi sem til úrlausnar er í kærungálinu.
6. Ný skjöl, sem nauðsynleg teljast vegna kærungálsins.
7. Skjöl, sem getið er í 6. gr. þessara reglna.

Röð skjalanna í tölulíðum 5 og 6 skal vera tímaröð, nema ljóst sé að önnur röð sé heppilegri.

6. gr.

Sóknaraðili getur látið fylgja gögn sem staðfesta greiðslu útlagðs kostnaðar við kærungálið og yfirlit um tíma, sem unnið hefur verið við þann þátt málsins sérstaklega.

7. gr.

Kærungálgögn skulu vera í einu bindi, eða fleirum ef þarf.

Á kápu skulu koma fram nöfn málsaðila fyrir Hæstarétti og skal sóknaraðili tilgreindur fyrstur.

Kærungálgögn skulu vera með síðutali. Þau skulu vera skýr og vel læsileg og án yffirstrikana eða merkja um þær.

8. gr.

Nú skilar varnaraðili greinargerð af sinni hálfu, sbr. 148. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og telur þörf á fleiri gögnum til að leysa megi úr ágreiningnum í kærumálinu, en er að finna í kærumálgögnum, og getur hann þá látið þau fylgja greinargerð sinni. Skal hann láta fylgja skrá um þau gögn, sem hann leggur fram og skulu þau vera í tímaröð nema önnur röð sé heppilegri. Ef umfang þeirra skjala sem varnaraðili leggur fram er verulegt skulu þau vera í hefti og með síðutali og að öðru leyti í þeim búningi sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Þá getur varnaraðili einnig látið fylgja gögn sem getið er í 6. gr.

9. gr.

Nú er gerð kærumálgagna í verulegu ósamræmi við fyrirmæli þessara reglna, án þess að 2. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eigi við, og getur þá Hæstiréttur mælt fyrir um að bætt skuli úr innan tilgreinds frests. Sé fyrirmælum um úrbætur ekki sinnt getur rétturinn frestað máli þar til úr hefur verið bætt.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 13. gr. laga nr. 78/2015, og öðlast gildi 1. ágúst 2015.

Hæstarétti Íslands, 23. júlí 2015.

Markús Sigurbjörnsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2015